

Nd.

49. Frumvarp til laga

[49. mál]

um breyting á lögum nr. 37/1944, um laun forseta Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

Við 1. gr. í stað „50 000.00 kr.“ komi: 85 000.00 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 37/1944, um laun forseta Íslands.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð oss eftirfarandi:

Í lögum nr. 37/1944 eru forseta Íslands ákveðin 50 þúsund króna grunnlaun á ári, auk verðlagsuppbótar. Þá giltu þau ákvæð, að verðlagsuppbót var einungis greidd á nokkurn hluta af launum embættismanna. Síðar var lögtekið að greiða fulla verðlagsuppbót á öll embættislaun. Forseti hélt eigi að síður áfram að taka verðlagsuppbót á einungis tæplega fimmtung grunnlauna sinna (9870.00 krónur), þangað til 1. júlí s. l., að verðbreytingar voru orðnar slíkar, að laun hans voru ekki lengur í neinu samræmi við það, sem ákveðið hafði verið í öndverðu. Frá 1. júlí 1951 fékk forsetinn fulla verðlagsuppbót greidda á grunnlaun sín öll, svo sem lög höfðu staðið til um langt skeið. Urðu launin þá alls um 17 þúsund krónur á mánuði í stað 6 þúsund áður. Jafnframt hafði forseti við orð að beiðast endurskoðunar laganna um laun sín fyrir haustþingið 1952. — Í stjórnarskránni, 9. gr., er svo mælt, að greiðslum til forseta megi ekki breyta til lækkunar á kjörtímabilinu. Þar sem forsetakjör fer væntanlega fram áður en Alþingi kemur saman af nýju ber brýna nauðsyn til að ákveða launin með bráðabirgðalögum. Hefur orðið að ráði, að launin verði 85 000.00 krónur á ári, auk verðlagsuppbótar, eins og hún er á hverjum tíma. Yrðu þau þá með núverandi verðlagsvísitölu samtals kr. 120 380.00 á ári.

Með skirskotun til framanritaðs föllumst vèr á, samkvæmt heimild í 28. gr. stjórnarskrárinnar, að gefa út svofelld bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 37/1944, um laun forseta Íslands:

1. gr.

Við 1. gr. í stað „50 000.00 kr.“ komi: 85 000.00 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. marz 1952.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

Steingrímur Steinþórsson.